

MYNDBROT

Í SVIPMYNDUM


II

STEINUNN S. BRIEM

MYNDBROT

Í SVIPMYNDUM 2

STEINUNN S. BRIEM



PRENTSMIÐJAN LEIFTUR - REYKJAVÍK

96.

MIKIL ÁBYRGÐ AD VERA LISTAMADUR

Frú Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari

Það er hljótt á vinnustofunni, hvítkalkaðir veggirnir eru ein-kennilega ópersónulegir, listakonan starfar í þögn. Stóru grá-bláu augun einblína á gifslíkamann sem hangir niður úr loft-inu með útbreidda arma, og það er eins og þau sjái miklu meira en hálfgerða myndina — kannski virða þau fyrir sér hið fulln-aða verk sem býr einhvers staðar í innstu fylgsnum hugans bak við hvarflandi hugsanir og tilfinningar hversdagslífsins.

Frú Ólöf Pálsdóttir er að vinna að Kristsmynnd er síðar mun skreyta Skálholtskirkju. Og gagnstætt venjulegum myndastytt-um stendur þessi ekki föstum fótum á jörðinni, heldur svífur í lausu lofti, þ. e. a. s. hangir í fingerðum en sterkum þráðum. Hún á að tákna uppstigninguna.

„Hvernig er þér innanbrjósts þegar þú fæst við svona heilagt verkefni?“

Ólöf lítur upp, en svarar ekki alveg strax. „Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því“, segir hún á endanum. „Tilfinningin er einkennileg, kannski meðhöndla ég hana öðruvísi en aðrar styttur sem ég hef gert, og þó veit ég ekki. Það hlýtur að hvíla viss helgi yfir hverju listaverki sem skapað er með auðmýkt, og án auðmýktar er ekki hægt að fást við list“.

Hún leggur frá sér spaðann og gifskrukkuna og sezt niður. „Petta er verk sem mig hefur lengi langað til að vinna“, heldur hún áfram. „Bæði að gera mynd af Kristi og eins að glíma við það form sem ég hef valið honum. Að fást við höggmynd sem svífur í lausu lofti er erfiðasta tæknivandamál sem ég hef nokkurn tíma reynt að leysa — maður verður eiginlega að upphefja þyngdarlögmálið og gleyma því, að í eðli sínu er högg-

mynd þung og massív . . . höggmynd er annars afleitt orð yfir skúlp túr, því að fæst verkin eru höggvin í Stein“.

„Hvað kom til, að þú skyldir reyna að gera svífandi höggmynd — við verðum því miður að notast við orðið, þó að þú smyrjir gifsinu á með spaða — langaði þig að glíma við það ómögulega?“

Það bregður fyrir gamalkunnum bardagaglampa í augum listakonunnar. „Ef til vill“, svarar hún. „Ég hef alltaf verið glanni. Höggmyndalistin er stöðug baráttu við efnið, hjá því verður ekki komizzt, en í þetta sinn hef ég búið mér til nýja tæknibraut sem ég hef aldrei fengizt við áður“.

„Hvernig hugsarðu þér Krist?“

„Mannlegri en nokkurn mann sem til hefur verið ef þú skilur hvað ég á við. Heilan, stóran, hreinan, látlausan, fullan af andstæðum; annars vegar gífurlegur kraftur bardagamannsins, á hinn bóginн þessi dásamlega mildi og heiðríki friður — persónan er ótrúlega margþætt“.

„Þú hefur fengið frjálsar hendur með verkið?“

„Já, ég mátti ráða hvort ég gerði höggmynd, smíðajárns-skreytingu eða hvaða tegund listaverks sem ég kysi helzt. Fyrst datt mér í hug að hafa bara einfaldan kross, síðan Krist á krossinum, en mig langaði ekki að sýna Krist sem píslarvott, og smám saman þróaðist hugmyndin í þá átt að taka uppstigninguna sem móttív. Og um leið hugsaði ég mér að láta styttuna svífa í lausu lofti ef mögulegt yrði að koma því við“.

„Þú ert auðvitað búin að skoða Skálholtskirkju í krók og kring?“

„Já, ég hef farið margar ferðir austur — bæði með og án Krista! Það er ekkert áhlaupaverk að flytja hann, því að styttan er þung og auk þess brothætt, en það tókst samt stórslysla-laust“.

„Hvenær heldurðu, að hún verði fullgerð?“

„Ég veit ekki, ég lofaði að hafa hana tilbúna fyrir vígsluháttíðina og hef unnið bókstaflega daga og nætur hér á vinnustofunni í veturn, en nýlega var tekin ákvörðun um að breyta staðsetningu hennar í kirkjunni, og það tefur uppsetninguna um óákveðinn tíma“.

Hún stendur upp og strýkur hendinni létt yfir mjallhvítt höfuð styttunnar. „Ætli það sé ekki betra að bíða með að tala mikið um þetta þangað til það er fullgert“, segir hún brosandi. „Komdu heldur og fáðu þér kaffi með mér“.

Í einu horni vinnustofunnar er innréttar í lítið vistlegt herbergi, og þar er vaskur, rafmagnsplata og nauðsynlegustu eldhúsahöld. Ólöf setur upp ketilinn og býr til bleksterkt kaffi. Síðan hagræðum við okkur í þægilegum stólum og höfum það náðugt.

„Hvernig er að vera allt í senn: eiginkona og tveggja barna móðir, myndhöggvari, alþingismannsfrú og húsfreyja?“

„Minnstu ekki á það“. Hún hrístir höfuðið, svo að þykka jarpa hárið þyrlast niður á enni. „Ég þarf að vera svo margar manneskjur í einu, að stundum veit ég varla hvað er ég sjálf. Það er óskaplegur ábyrgðarhluti að eiga börn og heimili, en það er líka mikil ábyrgð að vera listamaður. Og mér finnst Íslendingar ekki hafa nógu mikinn skilning á listamönnum. Þeir láta mikið með þá að sumu leyti, en reikna ekki nægilega með þeim í þjóðféluginu. Fólk gerir sér ekki grein fyrir, að þeir burfa sérstök vinnuskilyrði og þá ekki síður nærfærni; það ætlast til þess sama af þeim í daglega lífinu og öðrum. Það eru ekki margir sem gera sér ljóst hve mikils listin krefst af iðkendum sínum“.

„Þú hefur verið lengi í öðrum löndum — áttu erfitt með að samlagast lífinu hér heima?“

„Ja, veiztu, ég var einmitt núna um daginn að reikna út, að ég hefði verið næstum hálfá ævina erlendis. Ég var úti öll míni mestu þroskaár og hef líklega mótað talsvert af viðhorfum ólíkum þeim sem hér gilda. Mér finnst ég enn ekki alveg eins og heima hjá mér á Íslandi, en aftur á móti sakna ég þess þegar ég er annars staðar. Stundum finnst mér tómlegt hér, ég sakna kollega minna, gamalla vina og námsfélaganna, og ég sakna samræðnanna við þá. Hér finnst mér alltof mikið talað um persónulega hluti, en ekki nóg um málefni, og ef fólk er ekki á sömu skoðun getur það ekki skemmt sér við rökræður, heldur lendir oft í rifrildi. Mér finnst Íslendingar taka sjálfa sig og

aðra of hátíðlega; það er eins og þeir séu búnir að gleyma að gera að gamni sínu“.

Hún verður svolítið hrekkjaleg á svipinn. „Jæja, fyrst ég er á annað borð byrjuð að finna að, ætla ég að halda því áfram, þótt það geri mig kannski ekki vinsæla. Eitt þykir mér slæmt hérna á Íslandi, og það er hvernig giftum konum hættir til að missa sjálfstæði sitt og verða eins og bergmál af eiginmönnunum. Þetta er miklu meira áberandi hér en annars staðar. Mér finnst konan eiga að vera sjálfstæður persónuleiki og leggja sitt til málanna, þó að hún sé gift og þurfi kannski að standa yfir grautarpottunum, passa börnin og gera húsverk mestallan daginn. En hún þarf líka að fá aðstoð frá manninum sínum. Ég þekki til dæmis einn ágætan mann sem situr frammi í eldhúsi meðan konan hans er að þvo upp og les fyrir hana úr klassískum bókmenntum. Margir eiginmenn uppörva konur sínar ekki nægilega til að víkka sjóndeildarhring sinn í andlegum efnum, en þess þarfnað þær, því að heimilisstörfin vilja gleypa hverja stund. Ég held, að nú á dögum sé ætlazt til meira af húsmóðurinni en nokkru sinni fyrr, en þó að hún hafi mikið að gera á heimilinu má hún ekki gleyma að hugsa um bókmennir, listir og heimsmálin“.

Hún talar af hjartans sannfæringu og augun gneista í svipbrigðaríku andlitinu. Það er áreiðanlega engin hætta á, að hún glati sjálfstæði sínu og persónuleika, en samt er hún svo leikin við húsmóðurstörfin, að manni veitir ekki af að fara á strangan megrunarkúr eftir heimboð til hennar, því að kræsingarnar sem hún framreiðir eru hættulega ljúffengar.

„Heldurðu ekki, að reynsla þín sem eiginkona og móðir hafi einhver áhrif á þig sem listakonu?“

„Ja, maður veit aldrei almennilega af hverju maður lærir mest og hvernig það kemur. Það er ekki víst, að öll reynsla sé endilega bætandi, en maður er alltaf að breytast, og það hlýtur að koma fram í verkunum. Ég hef að ýmsu leyti haft gott af að þurfa um tíma að hætta að vinna reglubundið, en það er ekki ákjósanlegt, að hléið verði of langt. Ég er yfirfull af hugmyndum sem ég hef enn ekki getað unnið úr, og það liggur við,

að þær séu orðnar of margar og áleitnar — þetta er eins og að taka til í stórrri íbúð þar sem allt er í kaos, maður veit tæpast hvar bezt er að byrja . . . þú sérð, að ég tek að minnsta kosti samlíkingarnar úr húsmóðurlífinu! Ég hef fjölda verkefna sem ég hef verið beðin að vinna og hlakka til að fást við“.

„Þú hefur ferðaft víða og lært í mörgum löndum — hvar hefurðu orðið fyrir sterkustum áhrifum?“

„Ég held, að ég hafi aldrei orðið eins gagntekin af neinu landi og Egyptalandi. Ekki svo að skilja, að mér hafi þótt það mjög aðlaðandi, en það er eitthvað ógurlega sterkt við þessar miklu auðnir, mystíkina sem enn liggur í loftinu og hina óhreyfanlegu fornu list þeirra. Ég fann það fyrst þegar ég kom á staðinn hvað listin samræmdist fullkomlega umhverfi, andrúmslofti og náttúru. Ég taldi víst, að aðra eins höggmyndalist myndi ég aldrei sjá aftur, en þegar ég kom til Grikklands varð ég að játa, að í plastískri fullkomnun næðu grísku myndhöggvararnir enn lengra“.

„Purftirðu ekki að fá alls konar sprautur við hinu og þessu áður en þú fórst til Egyptalands?“

„Nei, ég fékk ekki eina einustu og var svo til eina Evrópu-manneskjan þarna sem aldrei veiktist af neinum sjúkdómi. Þó hugsaði ég ekkert um varúðarráðstafanir, borðaði hvaða mat sem var og fékk aldrei eitrun. Aumingja frúin sem ég bjó hjá var alltaf á nálum þegar ég fór út, og enn man ég þegar hún æpti á manninn sinn: ‘Fljótur, fljótur, komdu strax með antí-pillur — Lóla var að borða hænsni úti í eyðimörkinni hjá Aröbunum!’ Það var eins og ég væri eitthvert pestardýr sem tafar-laust þyrfti að sótthreinsa. En mér varð aldrei meint af. Ég minnist þess reyndar, að fyrstu vikuna bólgnæði ég öll á fót-leggjunum og augnlokunum, og ég hugsaði: ‘Almáttugur, á ég að ganga með þessa filsfætur það sem eftir er ævinnar!’ Til allrar hamingju hjaðnaði bólgan eftir fáeina daga, og úr því var allt í lagi. Ég heyri sagt, að margt hafi breytzt í Egyptalandi frá því að ég var þar — það var rétt eftir að Farúk var rekinn frá völdum — og að Kairó sé bara orðin túristabær núna, en þá var meira að segja stórhættulegt að tala ensku í landinu; maður gat átt von á banatilræði ef fólkisdi hélt, að mað-

ur væri Englendingur. En mér dugði lítið að tala þau mál sem ég kunni bezt, íslenzku, færeysku og dönsku, svo að ég varð að nota enskuna, jafnvel þótt það kynni að kosta mig lífið“.

„Hvað varstu lengi í Færeyjum?“

„Hér um bil öll stríðsárin. Pabbi var þá búsettur þar, og við lokuðumst inni meðan á stríðinu stóð. Það var einkennilegur tími; ég hefði ekki viljað verða af þeirri reynslu. Við vorum öll innilokuð á þessum litla og þrónga stað, fólk af ýmsum þjóðernum, og við tengdumst ótrúlega sterkum böndum hvert við annað og við landið. Oft var matarskortur, enginn frétti neitt af ættingjum sínum, annað hvert fiskiskip sem fór á veiðar sást aldrei framar, loftárásir voru tíðar, og oft var skotið yfir okkur úr vélbyssum þegar nazistaflugvélar sveimuðu yfir eyjunum. Lífið var stundum ömurlegt, en samhugur fólksins ógleymalagur, og ég held, að við höfum flest þráð Færeyjar lengi eftir að við fórum þaðan“.

„Hvenær fékkstu áhuga á höggmyndalistinni?“

„Seinustu árin míni í Færeyjum. Ég kynntist enskum listmálarum sem hafði verið prófessor við myndlistarháskóla í London og fór að teikna með til sögn hans. Það hvarflaði samt aldrei að mér að gerast listmálarum. Ég vildi bara verða myndhöggvari“.

„Svo fórstu til Danmerkur að læra?“

„Já, ég var fyrst á skóla í Árósum, síðan Kaupmannahöfn. Tvö ár var ég í tækniskólanum í Frederiksberg og svo sex eða sjö ár á Kúnstakademíinu“.

„Og þar fékkstu hina frægu gullmedalíu — eina íslenzka konan sem hlutnæzt hefur sá heiður, er það ekki?“

„Jú, það mun vera rétt“.

„Hvað gerðirðu eftir það?“

„Ja, þá giftist ég Sigurði Bjarnasyni og fluttist hingað heim. En ég hafði fengið námsstyrk frá ítölsku stjórninni, svo að ég lagði aftur land undir fót þegar litla dóttir okkar var orðin nógu stór til að ég gæti farið frá henni nokkra mánuði, og þá stundaði ég nám í Rómaborg um hálf árs skeið, m. a. hjá maestro Fazzini eins og þú manst“.

„Já, ég er nú hrædd um það. Fannst þér þú hafa gott af Rómardvölinni?“

„Vafalaust, þetta var töluverð lífsreynsla. En ég saknaði svo heimilisins og barnsins míns, að ég var ekki hálf manneskja. Það er auðvitað óendanlega margt að skoða á Ítalíu, en stundum talar það einfaldasta mest til manns — til dæmis geta auðir stólar á fátæklegu veitingahúsi grópazt fastar í hugann en heil listasöfn“.

„Og nú ertu komin heim og reynir að gegna mörgum störfum í senn. Heldurðu ekki, að það gangi að einhverju leyti út yfir listina?“

„Jú, hér er margt sem truflar og tefur. Það er ekki hægt að hlaupa í þetta milli annarra starfa og grípa nokkrar mínútur hér og þar, maður verður að sökkva sér niður í verkefnið, og þessi fingerði þráður má ekki slitna. Svo er það eilífðarmálið sem ég er orðin langþreytt að staglast á — hér vantar algerlega vinnustofur fyrir listamenn. Það er ómögulegt að fá þær á leigu eins og annars staðar, menn verða sjálfir að byggja þær ef þeir eiga að geta unnið við sæmileg skilyrði, en því hafa fæstir tök á. Þú sérð t. d. þessa stofu. Hún er rúmgóð, en það er ekki næri nógu hátt til lofts, og birtan er ekki heppileg. Ég notast við hana í bili, en ég get ekki fullgert Kristsmyndina hérna inni. Það er slæmt, að ekki skuli hafa verið reiknað neitt með listamönum og vinnustofum þeirra á öllum þessum miklu byggingarárum. Víða erlendis, meðal annars í Gautaborg, er efsta hæðin á flestum stórbyggingum ætluð fyrir vinnustofur listamanna og jafnvel bannað að leigja hana öðrum. Ég hef leitað ósköpin öll að góðu vinnuplássi, en ekki tekizt að finna það enn“.

„Finnst þér samt ekki skilningur manna á list vera að aukast hér á landi?“

„Jú, þetta kemur allt með tímanum. Ég álít, að skreyting nýja Kennaraskólans sé mjög stórt skref í rétta átt, og vona, að þeirri stefnu verði haldið áfram að fá íslenzka listamenn til að skreyta opinberar byggingar. En mér finnst listamenn hér-lendis þurfa að hafa meira samstarf með sér á öllum sviðum, og þegar byggð eru stórhýsi eiga allir að vinna saman frá upphafi: arkítektinn, gluggameistarinn og listamennirnir sem sjá um skreytinguna. Annars er hætt við, að heildarsvipurinn verði of óreglulegur“.

S T E I N U N N S . B R I E M

Hún þagnar og situr hljóð um stund. Andlitið minnir enn sem fyrr á mynd eftir Botticelli. Svo fara augun aftur að tindra, og hún hlær glaðlega. „Jæja, það er víst hægara að finna að en bæta úr. En maður er alltaf viðkvæmastur fyrir því sem manni þykir vænst um, og ef ég fyndi ekki til sterkra tengsla við land mitt og þjóð myndi ég ekki nenna að gagnrýna það sem mér virðist standa til bóta“.

(29.6.63)